

Nd.

257. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ríkissjóði er skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum sparisjóðsvöxtum hlutabréf félaga og einstaklinga, sem gerzt hafa aðilar að rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h.f.

Umboð núverandi áburðarverksmiðjustjórnar falli niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til laga um áburðarverksmiðju var lagt fram á þingi haustið 1948, var svo ráð fyrir gert, að verksmiðjan væri hrein ríkiseign, enda hafði ríkið haft alla forgöngu um undirbúning málsins í hálfan annan áratug. Þar var mælt svo fyrir, að ríkissjóður legði fram óafturkræft framlag til að stofna verksmiðjuna og frekari fjármunir skyldu útvegaðir með ríkisábyrgð. Einnig var þar ákveðið, að verksmiðjan skyldi vera sjálfseignarstofnun. Í þessari mynd var frumvarpið afgreitt að fullu í neðri deild Alþingis, og það var komið að lokaákvörðun í efri deild, þegar allt í einu var flutt breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi rekin sem hlutafélag. Var sú breytingartillaga síðan samþykkt í báðum deildum Alþingis. Fyrri ákvæðum um fjárhagsskuldbindingar ríkissjóðs og um sjálfseignarfyrirkomulagið var haldið óbreyttum, en bætt við nýrri grein, sem var að meginefni til svo hljóðandi:

„Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni milljón króna. Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 milljónir króna, og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.“

Sé litið á lögin í heild, verða ákvæði þeirra naumast samræmd öðruvísi en svo, að verksmiðjan sé eftir sem áður ríkisfyrirtæki og sjálfseignarstofnun, en hlutafélagið hafi það eitt verkefni að annast rekstur hennar. Engu að síður hafa lögin margsinnis verið túlkuð þannig, m. a. úr ráðherrastóli á Alþingi, að áburðarverksmiðjan sé eign hlutafélagsins, að félög og einstaklingar, sem lögðu fram $\frac{1}{5}$ hlutafjárins, eigi nú $\frac{2}{5}$ hluta af verksmiðjunni sjálfri. Hefur ólíkt mat á þessum atriðum valdið ítrekuðum deilum árum saman, án þess að Alþingi hafi fengið til að skera úr um endanlegan skilning sinn.

Ef áburðarverksmiðjan væri talin eign hlutafélagsins, hefðu einkaaðilar fengið að gjöf óhemjulega fjármuni á kostnað almennings. Eins og áður er sagt, lögðu félög og einstaklingar fram 4 milljónir króna af stofnkostnaði verksmiðjunnar, en ríkið lagði fram eða útvegaði 126 milljónir króna. Stofnkostnaðinn hafa viðskiptavinir verksmiðjunnar síðan greitt í áburðarverðinu. $\frac{2}{5}$ af stofnkostnaði eru 52 milljónir króna; með eignarréttarkenningunni hefðu einkaaðilar þannig fengið að 13-falda framlög sín að verðmæti þegar í upphafi! Síðan hefur verksmiðjan hækkað mjög í verði að krónutölu; verðmæti hennar nú er áætlað að minnsta kosti 700 milljónir króna. $\frac{2}{5}$ af þeirri upphæð eru 280 milljónir króna; hlutafjárframlag félaga og einstaklinga ætti þá að hafa sjötugfaldast að verðmæti!

Með þessu er sagan þó engan veginn fullsögd. Verksvið áburðarverksmiðjunnar hefur verið aukið, m. a. var henni veitt einokun á áburðarinnflutningi fyrir fimm árum, og hefur sú tilhögun verið gagnrýnd mjög af bændum. Slík einokun væri hins vegar óréttlæt看anleg með öllu, ef sú kenning væri rétt, að áburðarverksmiðjan væri hlutafélag, sem einkaaðilar ættu að tveimur fimmtu hlutum.

Þá er ráðgert að stækka og endurbæta áburðarverksmiðjuna, eins og fram kom í stefnuyfirlýsingu forsætisráðherra í upphafi þings. Er þar um mikið nauðsynja-

mál að ræða, því að framleiðsla verksmiðjunnar er þegar orðin allt of lítil fyrir þarfir okkar, auk þess sem framleiðsla verksmiðjunnar hefur verið stórlega gölluð. En stækkun verksmiðjunnar og óhjákvæmilegar endurbætur munu kosta mikið fé. Um það atriði segir svo í mjög skýrri og fróðlegri grein, sem Jóhannes Bjarnason verkfræðingur birti í Morgunblaðinu 27. janúar s.l.:

„Telja má, að sú stækkun og endurbót Áburðarverksmiðjunnar, sem nú er áformuð, muni kosta um 300 milljónir króna. Það fjármagn hlýtur ríkið á einn eða annan hátt að þurfa að útvega, því lítið mun verksmiðjan sjálf hafa handbært til þeirra hluta. Eða skyldu hluthafarnir, sem einu sinni lögðu fram 4 milljónir króna, nú vilja eða geta lagt fram 40% þess fjár, sem vantar til þessara framkvæmda, þ. e. um 120 milljónir króna? Ætlar ríkið nú aftur að stuðla að því, að þessum „heppnu“ hluthöfum verði færðar yfir 100 milljónir króna að „gjöf“ í sambandi við þessar stækkunarframkvæmdir Áburðarverksmiðjunnar? Ríkið útvegi fjármagnið að láni. Bændur borgi lánið með viðskiptum sínum. Hlutafélagið eignist stækkunina. Er ekki orðið tímabært, áður en hinar fyrirhuguðu stækkunarframkvæmdir verða endanlega ákveðnar, að breyta lögum verksmiðjunnar í skynsamlegra horf.“

Frumvörp um lagabreytingar, sem geri eignarrétt ríkisins á áburðarverksmiðjunni ótvíræðan, hafa margsinnis verið flutt á undanförunum árum af Einari Olgeirsyni. Í umræðum hefur það komið fram, að ýmsir af forustumönnum núverandi stjórnarflokka hafa talið það fráleitt með öllu, að rekstrarhlutafélagið geti talizt eigandi verksmiðjunnar, enda þótt ekki hafi enn fengizt samstaða um, að Alþingi skeri úr um þennan ágreining í eitt skipti fyrir öll. Þegar þess er nú enn freistað að fá endanlegan úrskurð Alþingis um þetta stórmál, taka flutningsmenn fram, að þeir geta hugsað sér, að annar háttur verði hafður á reikningskilum við einkaaðila en ráðgert er í þessu frumvarpi, ef samstaða fæst um það meginatriði að gera eignarrétt alþjóðar á áburðarverksmiðjunni ótvíræðan.